

Álfagerði og Öldungaráð kynnis  
dagskrá félags eldri borgara í  
Vogum haustið 2018.





## Félagsstarf Álfagerðis og Öldungaráðs hefst að nýju miðvikudaginn 22. ágúst

### Félagsvist

**Spilað verður félagsvist tvisvar í viku í haust.**

**Nýtt!** Mánudaga kl. 13:00 og Miðvikudaga kl. 13:00

Á mánudögum ætlum við að reyna hvetja nýja áhugasama jafnt sem reyndari spilara til að taka þátt fyrir ánægjuna og til að auka við einn vinsælasta dagskrálið starfsins.

Eins og ávallt verða miðvikudagarnir á sínum stað og kostar þátttaka 100kr.

### Kaffi hlaðborð

Að lokinni félagsvisst kl. 15:00 á miðvikudögum er veglegt kaffihlaðborð sem Sæunn matráðurinn okkar sér um.

Allir eru velkomnir sama hvort tekið var í spil eða ekki.

Hlaðborðið kostar 500 kr.

### Leikfimi

Þriðjudaga kl. 13:00 verður leikfimi í Álfagerði.

Æfingarnar eru uppsettar þannig að hægt er að aðlaga þær að hverjum og einum.

## **Opið Hús**

Þriðjudaga kl. 14:00 - 16:00 verður opið hús í Álfagerði. Þessi opnun verður til þess gerð að fá alla saman sem hafa áhuga á að taka þátt í samverustund þar sem hægt verður að föndra, spila, þrjóna, lita, hafa upplestur, hekla, vinna með gler, postulín, mála, smíða eða hvað svo sem hugan fangar.

## **Helgistundir fram á vor.**

Séra Kjartan verður í námsleyfi í vetur en við munum halda helgistundum áfram með prestinum sem leysir af.

Helgistundir verða fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 15:00 frá og með 6. September.

## **Boccia**

Fimmtudaga kl. 14:00 er æft Boccia í íþróttahúsinu. Boccia er fyrir alla sem hafa áhuga og er alveg einstaklega gott til að efla félagslífið og hreyfa sig í leiðinni.

Hægt er að mæta fyrr í smá upphitun, fá sér kaffisopa í Íþróttahúsinu og spjalla.

## **Nýir Viðburðir**

Verið er að skoða samstarf við eldri borgara í Hafnarfirði. Hugmyndin er að gaman væri að fara á föstudagsdansleik á Hrafnistu og jafnvel að kíkja á starfsemi félags eldri borgara í hafnarfirði. Nánari upplýsingar síðar.



## **Leikhúsfærð**

Farið verður í lok september í leikhúsfærð.

Farið verður að sjá söngleikinn Ellý.

Kostnaði verður haldið í lágmarki.

Skráning fer fram í fyrstu vikum starfsins  
22.-29. ágúst.



## **Öldungaráð - Kosning**

Kosið verður í nýtt öldungaráð miðvikudaginn  
3. október kl. 15:00.

Öllum er frjálst að bjóða sig fram.

Hvetjum alla til að mæta og nýta kosningaréttinn.



## **Haustferð**


Mánudaginn 8. október verður farið í dagsferð um Suðurströndina og hina ýmsu áfangastaði.

Guðmundur Brynjólfsson ætlar að taka á móti okkur í Strandarkirkju og segja okkur sögu hennar.

Fararstjóri verður okkar ástkæri bæjarstjóri.

Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.

Skráningarfrestur er til 3. okt.



## **Súpukvöld**

Verður föstudaginn 19. október með vinum okkar frá Álftanesi og hefst það kl. 18:00.

Skráningarfrestur er til 19. sept.

Nánari upplýsingar koma síðar.



## **Sviðaveisla**

Verður föstudaginn 26. október kl. 18:00.

Skráningarfrestur er til 10. október.



## Pizzakvöld

Föstudaginn 9. nóvember kl. 18:00

Skráningarfrestur er til 31. október



## Bingó

Mánudaginn 19. nóvember kl. 13:30

Spjaldið kostar spjaldið 400 kr.




## Aðventuferð

Mánudaginn 3. desember kl. 13:00

Farið verður í verslunarmiðstöð.

Skráningarfrestur er til 28. nóv.





## Jólahlaðborð

Föstudaginn 7. desember kl. 18:00.

Skráningafrestur er til 28. nóv.




## Laufabrauðsgerð

Þriðjudaginn 11. desember kl. 13:00

Hver kaka kostar 100 kr.

Skráningafrestur er til 5. des.



## Skötuhlaðborð

23. desember kl. 12:00.

Skráningafrestur er til 12. des.



## **Álfagerði er opið fyrir 60 ára og eldri.**

Í húsinu er góð aðstaða sem býður upp á marga möguleika til skemmtilegra afþreyingar t.d píla, föndur, gler, biljarð, pútt, sjónvarp með íþróttarásunum, smíðaaðstaða, spil, púsl, föndur, prjón og flr.

## **Hádegismatur**

Í Álfagerði er hægt að fá heitan hádegismat alla virka daga á vægu gjaldi. Maturinn er alltaf eldaður í mötuneyti Stóru- Vogaskóla og sendur í Álfagerði.

## **Hugmyndasöfnun**

Við erum alltaf að leita að fleiri skemmtilegum liðum í dagskrá Álfagerðis og viðburðum á vegum Öldungaráðsins.

Ef það er eitthvað sem þú vilt sjá á dagskránni hafðu þá samband og við reynum að láta það verða að veruleika.

## **Nánari upplýsingar**

Nánari upplýsingar er hægt að fá í Álfagerði og í síma Álfagerðis á almennum opnunartíma frá 10:00 - 13:00, á [facebook.com/alfagerdi](https://www.facebook.com/alfagerdi) eða netfangð [bond@vogar.is](mailto:bond@vogar.is)

**Síminn í Álfagerði er 440-6228**